

## GJALDSKRÁ

**fyrir sorphirðu og förgun úrgangs í Hörgársveit.**

1. gr.

Sveitarstjórn Hörgársveitar hefur ákveðið, sbr. heimild í samþykkt um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000, að leggja á sorpgjald í sveitarfélaginu fyrir árið 2014 skv. gjaldskrá þessari. Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Sorpgjald heimila er kr. 40.000 fyrir árið 2014. Sorpgjald frístundahúsa er kr. 8.000 fyrir árið 2014, miðað við að þjónusta er ekki veitt að vetri til (1. október – 30. apríl). Sorpgjald búrekstrar er 71 kr. fyrir hverja sauðkind, 120 kr. fyrir hvert hross, 285 kr. fyrir hvert svín og 430 kr. fyrir hvern nautgrip.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt í sveitarstjórn Hörgársveitar 20. nóvember 2013 er sett samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum. Gjaldskráin tekur þegar gildi.

Skv. 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000 með síðari breytingu hefur Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra veitt umsögn um ofangreinda gjaldskrá þann 4. febrúar 2014.

*Hörgársveit, 5. febrúar 2014.*

**Guðmundur Sigvaldason** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 19. febrúar 2014